



Skeiða- og Gnúpverjahreppur

Erindisbréf skólanefndar Skeiða- og Gnúpverjahrepps.

I kafla Skipan og umboð.

1. gr *Um málefni nefndarinnar*

Skólanefnd er skipuð af sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps í upphafi hvers kjörtímabils skv. 6. gr. laga um grunnskóla, nr. 91/2008, og 4. gr. laga um leikskóla, nr. 90/2008. Kjörtímabil nefndarinnar er það sama og sveitarstjórnar. Skólanefnd Skeiða- og Gnúpverjahrepps fer í umboði sveitastjórnar með málefni leik- og grunnskóla og málefni frístundaheimilis og félagsmiðstöðvar sem sveitarfélagið skipuleggur fyrir börn og ungmenni í samræmi 33. gr. laga um grunnskóla og æskulýðslaga nr. 70/2007.

Skólanefnd skal starfa samkvæmt erindisbréfi þessu, lögum og reglugerðum er lúta að málefnum leik- og grunnskóla, samþykkt um stjórn sveitarfélagsins Skeiða- og Gnúpverjahrepps og V. kafla sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 ásamt því sem sveitarstjórn felur nefndinni að vinna að.

2. gr. *Markmið*

Markmið með starfi skólanefndar er að vinna að fræðslu- og félagsmálum barna og ungmenna í Skeiða- og Gnúpverjahreppi, einkum og sér í lagi í tengslum við þær menntastofnanir sem reknar eru í sveitarfélaginu sem og við það frístunda- og félagsmiðstöðvarstarf sem rekið er af sveitarfélaginu.

Nefndin skal í störfum sínum ávallt setja almannahagsmuni ofar hvort heldur er sínum eigin eða einstakra hópa.

3. gr. *Skipan seturéttar á fundum og áheyrnarfulltrúar*

Skólanefnd er skipuð fimm kjörnum fulltrúum og jafn mörgum til vara, hér eftir nefnt nefndarfólk. Skólanefnd kys sér formann og skiptir að öðru leyti með sér verkum. Auk nefndarfólks eiga eftirtaldir rétt til setu á skólanefndarfundum með málfrelsi og tillögurétt, hér eftir nefndir áheyrnarfulltrúar:

- Samkvæmt 6. gr. laga nr. 91/2008 á um grunnskóla kjósa skólastjórar í grunnskólum, grunnskólakennarar og foreldrar grunnskólabarna hver úr sínum hópi aðal- og varamann til setu á skólanefndarfundum með málfrelsi og tillögurétt á fundum nefndarinnar þegar fallað er um málefni grunnskóla.
- Samkvæmt 4. gr. laga nr. 90/2008 um leikskóla kjósa leikskólastjórar, starfsfólk leikskóla og foreldrar í sveitarfélagi hver úr sínum hópi aðal- og varamann til setu á fundum nefndarinnar með málfrelsi og tillögurétt
- Að auki tilnefnir sveitarstjórn einn aðal- og varamann til setu á skólanefndarfundum með málfrelsi og tillögurétt þegar fjallað er um málefni frístundaheimilis og eða félagsmiðstöðvar.

Þegar talað er um fundarfólk er átt við nefndarfólk auk áheyrnarfulltrúa.

Auk ofan nefndra áheyrnarfulltrúa á sveitarstjóri rétt til setu með málfrelsi og tillögurétt. Þá er einnig heimilt að kalla til á fundi nefndarinnar sérhvern þann er tengist málum sem fjallað er um hverju sinni.



Skeiða- og Gnúpverjahreppur

II. kafli

Hlutverk

4. gr.

Hlutverk og ákvarðanir.

Meginhlutverk skólanefndar er að fara með málefni leikskóla, grunnskóla og málefni frístundaheimilis og félagsmiðstöðvar í sveitarfélaginu í umboði sveitarstjórnar. Skólanefnd starfar samkvæmt lögum um þau málefni sem tilheyra starfssviði nefndarinnar og samþykktum sveitarfélagsins.

Skólanefnd er ráðgefandi nefnd sem gerir tillögur til sveitarstjórnar. Nefndin getur enga bindandi ákvörðun tekið nema með samþykki sveitarstjórnar, enda hafi nefndinni ekki áður verið falin fullnaðarafgreiðsla einstakra mála eða slíkt sé leitt af lögum um leik- eða grunnskóla.

Helstu hlutverk skólanefndar eru:

Að vera sveitarstjórn til ráðgjafar og veita umsögn í málefnum leikskóla, grunnskóla, frístundaheimilis og félagsmiðstöðvar sveitarfélagsins

Að hafa eftirlit með að ákvæði laga og reglugerða um leik- og grunnskóla, sem og annarra laga og reglugerða er snerta starfssvið nefndarinnar, séu uppfyllt og gera tillögur til sveitarstjórnar um úrbætur.

Að hafa frumkvæði að og móta tillögur til sveitarstjórnar um skólustefnu Skeiða- og Gnúpverjahrepps sem og aðrar stefnur sem heyra undir starfssvið nefndarinnar.

Að auglýsa eftir umsóknum í Þróunarsjóð skólasamfélags Skeiða- og Gnúpverjahrepps og meta þær til samþykktar eða synjunar fyrir sveitarstjórn.

Að fjalla um önnur þau mál sem sveitarstjórn felur nefndinni.

III. kafli

Starfshættir, réttindi og skyldur

5. gr.

Starfshættir

Um starfshætti nefndarinnar, fundi, ályktunarhæfi og atkvæðagreiðslur gilda ákvæði IV og V kafla samþykktar um stjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps.

Formaður boðar til funda svo oft sem þurfa þykir og stjórnar þeim. Að jafnaði skal miðað við mánaðarlega fundi en þó eigi sjaldnar en fimm sinnum á ári. Boðað skal til fundar í skólanefnd ef skólastjóri eða að minnsta kosti tveir aðilar í skólanefnd óska eftir því enda sé fundarefni tilgreint. Til fundar telst löglega boðað hafi allt fundarfólk eða varamenn í forföllum þeirra, verið boðað með a.m.k. viku fyrirvara og endanleg dagskrá liggi fyrir eigi síðar en tveimur sólarhringum fyrir fund. Komi upp mál sem krefst skjótrar úrlausnar getur fyrirvari um fundarboðun verið skemmri ef nefndarfólk eða áheyrnafulltrúar þess málaflokks sem mál tilheyrir mælir ekki gegn því.

Ef gögn eða erindi innihalda trúnaðarupplýsingar eða aðrar viðkvæmar upplýsingar getur formaður ákveðið að afrit gagnanna fylgi ekki fundarboði heldur að nefndarmenn komi á skrifstofu sveitarstjóra og kynni sér efni gagnanna þar.



Skeiða- og Gnúpverjahreppur

Fundir nefndarinnar skulu að jafnaði haldnir fyrir luktum dyrum.

Boðað skal til funda með rafrænum hætti.

6. gr.

Réttindi og skyldur

Nefndarfólki er skylt að sækja fundi skólanefndar nema lögmæt forföll hamli.

Nefndarfólk á rétt á að tekið verði á dagskrá fundar hvert það málefni sem varðar hagsmuni starfssviðs nefndarinnar. Mál sem ekki er tilgreint í útsendri dagskrá verður þó ekki tekið til umræðu á viðkomandi fundi án samþykkis 2/3 hluta nefndarfólks. Um réttindi, skyldur og hæfi fer að öðru leyti samkvæmt IV. kafla sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, II. kafla stjórnsýslulaga nr. 37/1993, lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 70/1996 og upplýsingalög nr. 140/2012. Nefndarfólk er bundið þagnarskyldu um atriði eða málefni sem þeir fá vitneskju um í nefndarstarfi sínu og leynt eiga að fara vegna einka- og almannahagsmuna samkvæmt lögum eða eðli máls. Þagnarskylda helst þó látið sé af nefndarstarfi.

Nefndarfólki er skylt að starfa eftir siðareglum kjörinna fulltrúa í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

7. gr.

Ályktunarhæfni

Skólanefnd getur enga ályktun gert nema meirihluti hennar sitji fund og löglega hafi verið til hans boðað. Verði atkvæði jöfn ræður atkvæði formanns. Nefndarfólk getur ekki tekið þátt í afgreiðslu mála sem varðar það sjálft eða nána venslamenn þess svo mjög, að ætla megi að afstaða viðkomandi mótist að einhverju leyti þar af og skal nefndarfólk í slíkum tilvikum víkja fyrir varamanni, sbr. 47. og 20. grein sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og II. kafla stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

8. gr.

Fundargerðir

Rita skal í rafræna fundargerð öll mál sem fjallað er um í skólanefnd og skal nefndarfólk staðfesta fundargerð á rafrænan hátt.

Í upphafi fundargerðar er allt nefndarfólk og áheyrnarfulltrúar nafngreindir. Með fundargerðir fer að öðru leyti samkvæmt leiðbeiningum um ritun fundargerða sveitarstjórna sem settur eru skv. 2. mgr. 19. gr. sveitarstjórnarlaga. Fundargerðir, afrit af skýrslum og skjölum skólanefndar, lög, reglugerðir og erindisbréf skulu vera tiltæk á öruggum stað. Fundargerðir skólanefndar skulu lagðar fyrir sveitarstjórn til kynningar eða afgreiðslu og staðfestingar. Þær ályktanir eða tillögur í fundargerðum sem þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar eru lagðar fyrir sem sérstök mál á sveitarstjórnarfundi og eru afgreidd með formlegum hætti. Einnig skal senda skólastjórum í skólum sveitarfélagsins fundargerðir nefndarinnar. Fundarfólk skal einnig fá afrit af fundargerðum hennar. Sveitarstjóri sér um birtingu fundargerða nefndarinnar á vef sveitarfélagsins.

Nefndin heldur sértaka trúnaðarmálabók, þar sem skráð er afgreiðsla mála er varða einkahagi og persónuleg mál. Bók þessi skal geymd á öruggum stað, ásamt öðrum þeim gögnum sem varða afgreiðslu slíkra mála. Slík mál skulu ekki skráð í almenna fundargerð nefndarinnar.

9. gr.

Meðferð mála

Skólanefnd skal á fundum sínum taka fyrir öll þau erindi sem berast henni, fjalla um þau og gera tillögur um afgreiðslu þeirra til sveitarstjórna, nema sveitarstjórnir hafi falið henni fullnaðarafgreiðslu málsins samanber 4. gr. erindisbréfs þessa.



Skeiða- og Gnúpverjahreppur

*10. gr.
Gildistaka*

Erindisbréf þetta byggist á ákvæðum sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, ákvæðum stjórnsýslulaga nr. 37/1993, lögum um leikskóla nr. 90/2008, lögum um grunnskóla nr. 91/2008, æskulýðslögum nr. 70/2007 og samþykkt um stjórn sveitarfélagsins Skeiða- og Gnúpverjahrepps.

Með samþykkt erindisbréfs þessa fellur úr gildi eldra erindisbréf dagsett xx. Xxxx. xxxx

Samþykkt í sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps, xx. Xxxx. xxxx